

30

16. marz.

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

	Hundrað á		Alin.
	kr.	aur.	
<i>Eptir A. eða í friðu</i>	68	»	57
— <i>B. — - ullu, smjöri og tölq</i>	62	40	52
— <i>C. — - ullar tóvöru</i>	82	50	69
— <i>D. — - fiski</i>	69	90	58
— <i>E. — - lýsi</i>	39	38	33
— <i>F. — - skinnavöru</i>	51	»	43
En meðalverð allra landaura samantalið	373	18	312
og skipt með 6, sýnir:			
meðalverð allra meðalverða	62	20	52

Reykjavík, 16. dag marzmán. 1885.

Magnús Stephensen P. Pjetursson.
settur.

31

7. marz.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bráðabirgðaruppbót til fá-
tækra brauða. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi
dags. 27. f. m. vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því,
sem ræðir um í 13. gr. A b. 2. í fjárlögunum fyrir árin 1884 og 1885, veitt bráðabirgða-
uppbót sú fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir:

1. Kálfafellsstað	200 kr.
2. Sandfelli	500 —
3. Stað í Grindavík	300 —
4. Stað í Aðalvík	600 —
5. Tröllatungu	200 —
6. Tjörn á Vatnsnesi	300 —
7. Goðdölum	100 —
8. Felli í Sljettuhlíð	400 —
9. Miðgarði í Grimsey	200 —
10. Hvanneyri	300 —
11. Höfða	100 —
12. Þönglabakka	500 —
13. Lundarbrekku	300 —
14. Sauðlauksdal	250 —
15. Skarðspingum	280 —
16. Klyppstað	300 —

4830 kr.

Þetta undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar
leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, og skal jeg jafnframt geta þess, að jeg
í dag hefi skrifað landfógetanum um útborgun á uppbótarfje þessu, samkvæmt ráðgjafa-
brjefi 11. nóvember 1881 (B. 161).